

20. gr.

Heilsugæslulæknir á H1-stöð hefur samráð við héraðslækni um orlof og umsamið námsleyfi. Yfirlæknir skipuleggur orlof (og umsamið námsleyfi) lækna stöðvarinnar.

V. Um lyfjasölu heilsugæslulækna.**21. gr.**

Á starfssvæðum heilsugæslustöðva, þar sem ekki eru lyfjabúðir eða lyfjaútibú, ber heilsugæslulæknir (yfirlæknir) ábyrgð á lyfjasölu.

22. gr.

Lyfsölu lækna skal reka í samræmi við lög og reglugerðir um lyfjamál.

VI. Lokaákvæði.**23. gr.**

Ráðherra má undanþiggja heilsugæslulækna í Reykjavíkurhéraði störfum að einstökum verkefnum, sem talin eru upp í II. og III. kafla þessa erindisbréfs, enda sé fyrir þeirri þjónustu séð í öllu héraðinu með verkaskiptingu og samvinnu heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana. Einnig má undanþiggja heilsugæslulækna í öðrum héruðum einstökum störfum, enda sé þeim sinnt á viðunandi hátt innan héraðs.

24. gr.

Komi til ágreinings milli heilsugæslulækna og annars starfslíðs heilsugæslustöðvar eða heilsugæslulækna og stjórnar heilsugæslustöðvar um efni erindisbréfs þessa skal leitað úrskurðar heilbrigðisráðuneytisins.

25. gr.

Erindisbréf þetta er sett með stoð í 19. gr. 3. tölulið laga nr. 57/1978 og öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt er numið úr gildi erindisbréf héraðslækna nr. 35/1964.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 4. febrúar 1980.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980:

	U.S. \$ pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	2.85
Blokkfrystur hörpudiskur	2.65
Rauður hörpudiskur	1.55

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið 6. febrúar 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

7. febrúar 1980.

Nr. 125.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1980.

Porskur:

U.S. cent pr. lb. Cif.

4x14 m/r 5—8 oz.	106.88
4x14 m/r 8—12 oz.	108.46
4x14 m/r 12—16 oz.	110.03
4x14 m/r 1—3 lbs.	110.81
1x35 m/r lausfr.	113.17
4x14 r/l 5—8 oz.	118.67
4x14 r/l 8—12 oz.	119.46
4x14 r/l 12—16 oz.	122.60
4x14 r/l 1—3 lbs.	127.32
10x5 og 3x18	141.00
5x8 og 6x8	159.00
6x8 mið- og sporðst.	155.00
5x10 og 6x10	145.50
4x10	145.50
4x12	141.00
4x12 sporðst.	148.00
4x13	141.00
4x15	150.00
Blokk reg.	108.00
Blokk m/punnildum	108.00
Blokk O.R.	102.60
Blokk m/beingarði	100.00
Punnildablokk Evrópa	70.00
Marningsblokk	60.00

Ýsa:

4x14 m/r 4—8 oz.	126.53
4x14 m/r 8—12 oz.	127.32